



157. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn, 28. mars, 2006, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Lárus B. Jónsson mætir á fundinn.**
Lárus er mættur til viðræðna um möguleika á byggingarlóðum í sveitarfélaginu og kaup á íbúðum af sveitarfélaginu. Lagði hann fram gögn í málinu sem vísað er til umræðu í bæjarstjórn.
2. **Erindi frá Siglingastofnun.**
Fram kemur að framkvæmdum vegna sjóvarna við Blönduós muni seinka um nokkrar vikur m.a. vegna veðurfars. Ætlunin er að hefja framkvæmdir fyrri hluta maímánaðar og að þeim ljúki um mánaðarmót júní-júlí. Lagt fram til kynningar.
3. **Kauptilboð í fasteignir.**
 - a. **Mýrarbraut 28.**
*Kauptilboð frá Jóni Ragnari Gíslasyni að upphæð kr. 6.900.000,-.
Bæjarráð samþykkir kauptilboðið.*
 - b. **Mýrarbraut 24.**
*Kauptilboð frá Aðalbjörgu S. Sigurvaldadóttur að upphæð kr. 6.900.000,-.
Bæjarráð samþykkir kauptilboðið.*
4. **Erindi frá Samgöngunefnd Alþingis.**
Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um legu þjóðveggar nr. 1. 84. mál um legu þjóðveggar um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð.

Tillagan hljóðar svo:

“Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera samanburð á bestu kostum á legu þjóðveggar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Skýrslu um samanburðinn verði lokið á hausti komanda og verði höfð til hliðsjónar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar”.

Í greinargerð með tillögunni segir m.a. til nánari skýringa: “Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum manna að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum”.

Bæjarráð fagnar tillögunni og er bæjarstjóra falið að leggja drög að umsögn um hjálagða tillögu fyrir næsta fund bæjarráðs.



5. Húsnæðismál Hnjúkabyggð 33.

a Greint frá fundi sem bæjarstjóri ásamt forseta bæjarstjórnar sat með sýslumanni, Bjarna Stefánssyni, Ernu Björg Jónmundsdóttur, deildarstjóra innheimtumiðstöðvar sekta- og sakarkostnaðar á Blönduósi og Jóni Ásbjörnssyni frá framkvæmdasýslu ríkisins. Á fundinum voru rædd atriði er varða húsnæðismál innheimtumiðstöðvar og bæjarskrifstofu. Vinna vegna húsnæðismála mun halda áfram á næstunni en þ. 3. apríl nk. munu fjórir starfsmenn innheimtumiðstöðvar hefja störf í hluta húsnæðis sveitarfélagsins að Hnjúkabyggð 33, 3. hæð.

b. Lagt fram bréf frá Jóhannesi Torfasyni f.h. Ámundakinnar ehf. Í bréfinu er viðruð sú hugmynd að kanna með að kaupa húsgrunninn að Hnjúkabyggð 31 og að byggðar yrðu ofan á hann tvær hæðir. Neðri hæð yrði innréttuð fyrir skrifstofur en sú efri fyrir 3-4 íbúðir. Með erindinu vill bréfitari f.h. Ámundakinnar ehf. kanna hug bæjarstjórnar Blönduóssbæjar með að leigja og/eða kaupa skrifstofurýmið undir bæjarskrifstofu.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samvinnu við Ámundakinn ehf. og kanna og meta kosti þess að bæjarskrifstofa verði innréttuð að Hnjúkabyggð 31.

Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu þessa liðar, 5b.

6. Starfsmannamál.

Bæjarstjóri greindi frá að tímabundin ráðning Ragnars Inga Tómassonar, umsjónarmanns tæknideildar, væri til 1. júní nk. Óskaði hún heimildar til að ráða Ragnar Inga áfram í starfið, ótímabundið. Samþykkt samhljóða. Valdimar Guðmannsson situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

7. Ársskýrsla Textílseturs Íslands.

Fulltrúaráðsfundur setursins var haldinn þ. 13. mars sl. Gögn um starfsemina lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál.

a. Umsókn um byggingarlóð.

Fram lögð umsókn frá Trésmiðjunni Stíganda ehf. þar sem sótt er um byggingarlóð vegna parhúss við Smárabraut 6-8.

Bæjarráð fagnar þessari umsókn um byggingarlóð og samþykkir hana.

Sbr. bókun bæjarráðs frá 6. mars 2003 var samþykkt að koma til móts við hugsanlega íbúðarbyggjendur á Blönduósi með því að veita styrki sem nema upphæð gatnagerðargjalda með eftirfarandi skilyrðum:



- Um er að ræða þrjú fyrstu húsin sem verða byggð, þ.e. eitt hús við Sunnubraut, eitt við Smárabraut og eitt við Garðabyggð.
- Skilyrði er að framkvæmdir séu hafnar eigi síðar en 6 mánuðum frá úthlutun lóðar.
- Skilyrði er að húsnæðið sé fullklárað eigi síðar en 18 mánuðum frá úthlutun lóðar.

Tilgangur tillögunnar er að efla íbúðabyggð og atvinnulíf á Blönduósi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)